

## FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2012/EES/67/39

frá 25. ágúst 2011

## um viðurkenningu á Aserbaídsjan samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skirteina farmanna (\*)

(tilkynnt með númeri C(2011) 6003)

(2011/517/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

Siglingaöryggisstofnunar Evrópu í febrúar 2009. Við þá skoðun komu í ljós tilteknir annmarkar á kerfum fyrir þjálfun og skirteinisútgáfu.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

3) Framkvæmdastjórnin lét aðildarríkjunum í té skýrslu um niðurstöður matsins.

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB frá 19. nóvember 2008 um lágmarksþjálfun sjómanna <sup>(1)</sup>, einkum fyrstu undirgrein 3. mgr. 19. gr.,

4) Framkvæmdastjórnin fór fram á það bréflaga, 4. desember 2009 og 26. október 2010, að Aserbaídsjan legði fram sönnunargögn sem sýndu að ráðin hefði verið bót á annmörkunum sem komu í ljós.

með hliðsjón af beiðni frá Belgíu 7. ágúst 2008,

5) Yfirvöld í Aserbaídsjan létu í té umbeðnar upplýsingar bréflaga, 13. janúar og 24. desember 2010, ásamt sönnunargögnum að því er varðar framkvæmd viðeigandi og fullnægjandi aðgerða til að ráða bót á öllum þeim annmörkunum sem komu í ljós við mat á reglufylgni.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt tilskipun 2008/106/EB geta aðildarríkin ákveðið að árita viðeigandi skirteini farmanna sem eru gefin út í þriðju löndum, að því tilskildu að framkvæmdastjórnin viðurkenni viðkomandi þriðja land. Þriðju löndin verða að uppfylla allar kröfur samþykktar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) frá 1978 um menntun og þjálfun, skirteini og vaktstöður sjómanna (STCW-samþykktin), eins og henni var breytt 1995, sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur samþykkt.

6) Niðurstaða mats á reglufylgni yfirvalda í Aserbaídsjan og mats á upplýsingum frá þeim sýnir að Aserbaídsjan uppfyllir allar kröfur STCW-samþykktarinnar og hefur gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir svik í tengslum við skirteini. Landið skal því viðurkennt af hálfu Sambandsins.

2) Hinn 7. ágúst 2008 lagði Spánn fram bréflaga beiðni um viðurkenningu á Aserbaídsjan. Framkvæmdastjórnin hefur, í kjölfar þessarar beiðni yfirvalda í Belgíu, metið kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skirteina farmanna í Aserbaídsjan til þess að ganga úr skugga um hvort landið fari að öllum kröfum STCW-samþykktarinnar og hvort viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar til að koma í veg fyrir svik í tengslum við skirteini. Matið var byggt á niðurstöðum skoðunar sérfræðinga á vegum

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Aserbaídsjan hefur verið viðurkennt, skv. 19. gr. tilskipunar 2008/106/EB, að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skirteina farmanna.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 220, 26.8.2011, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 56, 4.10.2012, bls. 37.

(<sup>1</sup>) Stjútíð. ESB L 323, 3.12.2008, bls. 33.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. ágúst 2011.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Siim Kallas

*varaforseti.*

---